Foreldrafundur for.fél. Víðistaðaskóla 22. sept 2015 kl. 19:45. Haldinn í Víðistaðaskóla

Mættir: Atli Már Hafsteinsson, Elísa Vigfúsdóttir, Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir, Jóney Kristjánsdóttir, Jónatan Hertel, Sigurgeir Tryggvason, Sólveig Kristjánsdóttir. Auk þess kom á fundinn Þórunn Þórarinsdóttir frá Frístund og Hrauni.

Forföll: Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri.

Dagskrá:

1. Guðrún Jóhanna bauð nýja stjórnarmeðlimi, þau Atla Má og Jóney velkomin. Bauð auk þess Þórunni velkomna og fór hún yfir starfsemi Frístundar og Hraunsins í vetur. Margt spennandi að gerast hjá þeim, frístundaheimilið fyrir 1. og 2. bekk en frístundaklúbbur fyrir 3. og 4. bekk. Verið að bæta við ýmsu verklegu – en vantar starfsfólk. Guðrún Jóhanna kom með þá hugmynd að samtvinna frístund og skóla með 10. bekk. Nemendur fengju bæði metið og laun fyrir starf hjá frístund.

Bekkjarfulltrúar geta nýtt sér þá aðstöðu sem í boði er hjá bæði Frístund og Hrauninu. Félagsmiðstöðin setið á hakanum undanfarin ár en nú er verið að rífa upp starfið. Gott samstarf með nemendaráði og Þórunn fundar með þeim í hverri viku. Ball hjá unglingum í næstu viku og hópastarf byrjar líka í næstu viku. (Þórunni var þakkað fyrir komuna og hún vék af fundi).

2. Skipan í stjórn veturinn 2015-16 og aðalfundur.

Formaður:	Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir
Varaformaður:	Jónatan Hertel
Gjaldkeri:	Sigurgeir Tryggvason
Ritari:	Sólveig Kristjánsdóttir
Umsjón foreldrarölts:	Elísa Vigfúsdóttir

Meðstjórnendur: Atli Már Hafsteinsson, Ásdís Björk Kristjánsdóttir, Jóna Kristín Jónsdóttir og Jóney Kristjánsdóttir.

Guðrún Jóhanna lagði til að aðalfundir yrðu hafðir að vori – lögin segðu til um að aðalfundir væru að vori og þannig kæmumst við fyrr í gang á hverju hausti.

3. Fundur með bekkjartengiliðum ákveðinn 7. október n.k. í matsal Engidal. Guðrún Jóhanna fór yfir reglur um samstarf foreldrafélags og bekkjartengla. Rætt um að fá hugmyndir frá kennurum og foreldrum varðandi bekkjarkvöld og samskiptum bekkja og stofna gagnagrunn. Elísa ætlar að auglýsa eftir hugmyndum. Það vantar enn bekkjartengla í 3 bekki skólans, ýta á kennara og foreldra með skipan í það – Sólveig ætlar að senda póst.

4. Önnur mál. Guðrún Jóhanna verður ekki á bekkjartenglafundinum. Jónatan ætlar að sjá um fundinn og gera auglýsingu. Tók við lyklum af Guðrúnu. Sigurgeir ætlar að sjá um veitingar.

Fundi slitið kl. 20:45

Næsti stjórnarfundur áætlaður í nóv þar sem bekkjartenglafundur verður 7. okt. kl. 19:44

Sólveig Kristjánsdóttir, fundaritari